

Nr. 18-147 S 097 Hafsól SK 96***Bilun í búnaði o.fl.***

Skipaskr.nr.: 7642
Útgerð: Drangeyjarferðir ehf
Smíðaður: Hafnarfjörður 2008, plast
Stærð: 7,95 bt
Mesta lengd: 9,99 m Skráð lengd: 9,91 m
Breidd: 2,61 m Dýpt: 1,77 m
Vél: Volvo Penta 296 kw, 2008
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 12



Hafsól © Sigurður Bergþórsson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 1. febrúar 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2018 var Hafsól SK 96 að fara með farþega út í Drangey á Skagafirði. Veður: NA kaldi.

Eftir að hafa lagt að bryggju og sett farþega í land í eyna í annarri ferð bátsins um kl. 11:30 fann skipstjórinn torkennilega lykt. Við athugun kom í ljós að startarinn var bilaður. Skipstjórinn fékk annan bát til að taka farþegana í land og lét startarann fara með í fyrri ferð hans til viðgerða en það reyndist ekki hægt á svæðinu. Senda þurfti startara frá Reykjavík og kom hann ekki norður fyrir en að kvöld dags.

Um kl. 19:00 fór kvikan við bryggjuna að aukast með þeim afleiðingum að polli brotnaði á bryggjunni ásamt kefa á bátnum og hann rak í fjöruna í vikinni með þeim afleiðingum að hann skemmdist. Skipstjórinn stökk þá upp á bryggjusporðinn en þá kom ólag á hann og brak úr landganginum lenti á skipstjóranum svo hann féll í sjóinn. Komst hann af sjálfsdáðum upp á bryggjuna en skömmu síðar kom Kristín SK 77 að og tókst að koma taug á milli bátanna og var Hafsól dregin út úr vikinni. Með í för voru viðgerðarmenn með nýjan startara sem þeir settu við og eftir það var bátnum siglt fyrir eigin vélarafli til Sauðárkróks.

Við rannsókn kom fram:

- að startarinn brann yfir og eyðilagðist.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.